

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda í leikskólum þann 29. júní 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi 2020 til 2021. Samskipti fóru fram í tölvupóstum.

Á fundinum voru:

Fyrir hönd félagsins: Sigurður Sigurjónsson og Anna Rós Sigmundsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson og Berglind Eva Ólafsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi tekið fyrir.

1. Tilvísanir í aðrar greinar uppfærðar/lagfærðar

Grein 1.3.1. Þar sem grein 1.5 um röðun stjórnenda annara stofnana var felld niður þá á tilvísun í grein 1.6 ekki lengur við.

Grein 1.8.1. Tilvísun var í gr. 1.7.1 en verður 1.6.1.

Grein 1.8.2. Tilvísun var í gr. 1.9.1 en verður 1.8.1.

Grein 1.8.3. Tilvísun var í gr. 1.9.1 og 1.9.4 en verður 1.8.1 og 1.8.4.

Grein 1.9.1. Tilvísun var í gr. 11.1.8 en verður 12.1.3.

Grein 2.2.3. Tilvísun var í gr. 1.9.1 en verður 1.8.1.

Grein 2.3.2. Tilvísun var í gr. 1.8. en verður 1.7.

Grein 2.6.10. Tilvísun var í gr. 1.8.1 en verður 1.7.1 og 1.8.2 verður 1.7.2.

Grein 7.1.2. Tilvísun í 4 tölulíð var 7.2.4 og verður sbr. 2 líð.

2. Grein 4.8 um áunninn orlofsrétt

Grein 4.8 um áunninn orlofsrétt vantaði í undirritaðan kjarasamning þann 10. júlí 2020 og verður grein 4.7.

3. Grein 4.9 um orlofssjóð

Grein 4.9 um orlofssjóð vantaði í undirritaðan kjarasamning þann 10. júlí 2020 og verður grein 14.6.

4. Grein 7.1.2 um dánarslysabætur

Fyrirsögn verður: „Dánarslysabætur eru:“

Eftirfarandi texta vantaði neðst í grein 7.1.2. Lagfært.

Bætur greiðast aðeins skv. einum af tölulíðum nr. 1, 2 og 3. Til viðbótar tölulíðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulíð nr. 4.

Rétthafar dánarbóta eru:

1. Lögerfingjar.
2. Viðkomandi aðilar að jöfnu.
3. Eftirlifandi maki eða sambúðaraðili.
4. Viðkomandi börn, en greiðist til eftirlifandi maka ef hann er annað foreldri, ella til skiptaráðanda og/eða fjárhaldsmanns.

5. Grein 14.3.2 um lífeyrissjóðsiðgjöld

Eftirfarandi texta vantaði neðst í grein 14.3.2 Lagfært.

Nýti starfsmaður lögbundinn rétt sinn til séreignarlífeyrissparnaðar greiðir sveitarfélag framlag til jafns á móti framlagi starfsmanns, allt að 2% gegn samsvarandi framlagi starfsmanns.

Fleira ekki gert og fundi slitið